

af hættusvæðum. Það hefur ennfremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Almannaáráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísálögum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannaáráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannaáráð setur framkvæmdastjóranum erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómari skal í dómi ákveða eftir kröfu aðila, að dæmdir vextir fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um aðila, eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útvistarmálum, ef stefndi skilar ekki greinargerð.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, má aðili krefjast dómvaxta án þess að nefna vaxtafót.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.